

Ástand fiskstofna og annarra dýrategunda á Íslandsmiðum og nauðsynlegar friðunaraðgerðir innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi

1. Inngangur

Hafrannsóknastofnunin telur, að við útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 sm hilli loks undir það, að íslendingar fái fullkomna stjórn á nýtingu flestra þeirra fiskstofna, sem veiðast á Íslandsmiðum. Nauðsyn hagkvæmrar nýtingar hefur aldrei verið meiri en nú, þar sem mikilvægustu fiskstofnar okkar eru þegar ofveiddir, jafnframt því sem sókn á fjarlæg mið fer ört minnkandi.

Um hagkvæma nýtingu fiskstofnanna vill Hafrannsóknastofnunin vitna í eigin skýrslu til landhelgisnefndar frá 1972:

"Almennt má segja að hagnýtingin verði best, ef veiðar á ungfiski eru takmarkaðar þannig, að fiskurinn fái frið til að vaxa og þyngjast áður en hann er veiddur.

Til þess að tryggja viðkomu og viðgang fiskistofna þarf hins vegar að stilla fiskveiðum svo í hóf að hrygningarstofn haldist tiltölulega stór og draga þar með úr líkum fyrir því að klak misfarist sökum smæðar hrygningarstofnsins.

Til þess að ná því tvíþætta takmarki sem hér um ræðir hefur einkum verið beitt fimm mismunandi aðferðum:

1. Ákvæði um lágmarksstærð.
2. Lokun eða friðun veiðisvæða, sem ýmist er tímabundin, eða gildir allan ársins hring.
3. Ákvæði um hámarksafla.
4. Ákvæði um gerð veiðarfæra.
5. Ákvæði um leyfisveitingar til veiða.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að öllum þessum aðferðum verði beitt eftir því sem við á og fram kemur hér á eftir".

2. Botnfiskveiðar

Meðalafli botnlægra tegunda á Íslandsmiðum hefur á undanförnum árum numið um 700 þúsund tonnum. Talið er, að með hagkvæmri nýtingu mætti auka aflann í um 850 þúsund tonn og er íslenski fiskiskipastóllinn í núverandi stærð fullfær um að veiða það magn. Það er því mjög þýðingarmikið, að útlendingar hætti fiskveiðum á íslenska landgrunninu.

Til skýringar tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um nýtingu íslenskra botnfiska þykir rétt að gera grein fyrir ástandi stofna mikilvægustu tegundanna.

Þorskur

Undanfarna tvo áratugi hefur árlegur þorskafli á Íslandsmiðum numið að meðaltali um 400 þúsund tonnum. Mestur varð aflinn árið 1954 tæplega 550 þúsund tonn, en minnstur árið 1967 345 þúsund lestir. Árin 1968-1970 óx aflinn aftur og náði hámarki árið 1970 (471 þús. tonn).

Aukningin umrætt árábil stafaði að verulegu leyti af sterkum þörskgöngum frá Grænlandsmiðum. Síðan árið 1970 hefur afli farið síminnkandi (375 þúsund tonn árið 1974), þrátt fyrir 3 góða árganga frá árunum 1964-69. Þessum minnkandi afla veldur einkum tvennt: 1. Klak við Grænland árabilið 1964-1969 hefur verið mjög lélegt og því dregið verulega úr göngum þaðan. 2. Með stækkandi fiskiskipastól hefur sóknin í okynþroska hluta stofnsins farið ört vaxandi, þannig að þeim fiskum, sem ná kynþroska og ganga á hrygningarstöðvarnar fer fækkandi.

Vegna þessarar miklu sóknar í þorskin á uppeldisstöðvunum fyrir Norður- og Austurlandi fæst ekki lengur hámarksnýting úr stofninum.

Þetta ástand hefur ríkt um nokkurra ára skeið og fer versnandi.

Talið er að hámarksafrakstur þorskstofnsins sé nær 500 þúsund tonn á ári. Til þess að ná þeim afla þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að minnka núverandi heildarsóknarþunga í þorskin um helming.
2. Að koma í veg fyrir veiði smáfisks, þriggja ára og yngri og draga verulega úr veiðum á fjögurra ára fiski.

Fiskiskipastóll sá, sem stundar þorskveiðar á Íslandsmiðum er alltof stór. Árið 1954 veiddust nær 550 þúsund tonn af þorski. Þá mun fiskveiðidánarstuðull (sóknareining) í kynþroska hluta stofnsins hafa verið innan við 0.5. Í dag er afli flotans verulega minni, en fiskveiðidánarstuðull 0.9-1.0, þ.e. sóknin hefur a.m.k. tvöfaldast, án þess að afli hafi aukist.

Ef sóknin yrði minnkuð um helming, myndi slíkt ekki aðeins þýða nokkurn veginn sama aflamagn á land þegar til lengdar lætur, heldur myndi afli á sóknareiningu vaxa verulega strax, sem þýðir í raun mun arðbærari veiðar en áður.

Til þess að ná þessu markmiði, þarf að friða algjörlega 3 ára þorsk og yngri, draga verulega úr sókn í eldri hluta stofnsins á næstu árum, þannig að þorskaflinn 1976 fari ekki fram yfir 230 000 tonn, en vegna hins óvenjusterka árgangs frá árinu 1973 má auka aflahámarkið á árinu 1977 í 290 þús. tonn. Ef þorskveiðum verður framhaldið með núverandi sókn mun aflinn næstu 2-3 árin haldast í um 340-360 þús. tonn, en fara síðan ört fallandi. Stærð hrygningarstofnsins hefur minnkað ört á allra síðustu árum eins og afli undanfarnar tvær vetrarvertíðir ber vitni um. Þó mun vertíðarafli minnka enn frá því sem nú er, þar sem meginhluti aflans við óbreytta sókn yrði smáfiskur. Er fram líða stundir mun smáfiskveiði valda enn frekari rýrnun hrygningarstofnsins. Með tilliti til þess alvarlega ástands, sem nú ríkir í þorskstofninum, eins og rakið er hér að framan, leggur Hafrannsóknastofnunin eindregið til, að heildarafli þorsks á Íslandsmiðum fari ekki fram yfir 230 þús. lestir árið 1976.

Hlutdeild útlendinga í heildarsókn í íslenska þorskstofninn var 37% á s.l. ári. Því er ljóst, að jafnvel þótt erlend veiðiskip hyrfu af miðunum, er íslenski fiskiskipastóllinn of stór til hagkvæmrar nýtingar þorskstofnsins, eins og sókn íslenskra flotans er háttað í dag.

Eins og komið hefur fram hér að framan, er brýn nauðsyn á aukinni friðun smáþorsks. Sem kunnugt er, eru helstu uppvaxtarsvæði þorsksins út af Norðvestur-, Norður- og Norðausturlandi. Gögn Hafrannsóknastofnunarinnar sýna, að útbreiðsla og magn smáþorsks er talsvert misjafnt

Þ. Þorsku 1974 ca 237 þús.

eftir svæðum og árstímum. Eftirtalin svæði skera sig úr, hvað viðvíkur magni smáfisks á tilteknum tíma.

1. Mánuðina janúar til júní og október til desember á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Hraunhafnartanga (grunnlínupunktur 5) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur frá Langanesi. Norðurmörk svæðisins ákvarðast af 50 sm mörkunum.
2. Mánuðina apríl til júní á svæði, sem takmarkast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í austnorðaustur frá Horni og að austan af 20°40' lengdarbaug.
3. Mánuðina júlí til september á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Kögri, að austan af 21° lengdarbaug, að norðan af 67° breiddarbaug og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi í austnorðaustur frá Horni.
4. Mánuðina október til desember á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðnorðvestur frá Rit og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Horni. Til norðurs takmarkast svæðið af 50 sm mörkunum.

Þetta sýnir nauðsyn öflugs og stöðugs eftirlits á veiðisvæðunum norðanlands. Er því lagt til, að slíku eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar verði komið á, þannig að loka megí tímabundið áður nefndum eða öðrum svæðum eftir því sem nauðsyn krefur.

Ýsa

Árið 1962 nam ýsuaflinn á Íslandsmiðum 119 þúsund tonnnum, og er það sá mesti ýsuafli, sem fengist hefur við Ísland fyrr og síðar. Þennan mikla afla var einkum að þakka mjög sterkum árgöngum frá árunum 1956 og 1957. Síðan hefur ýsuaflinn minnkað gífurlega og var aðeins 39 þúsund tonn árið 1972. Aðalástæðan fyrir þessari aflarýrnun er röð lélegra árganga um margra ára skeið. Árgangarnir frá 1970 og 1971 voru

í meðallagi og hefur ýsustofninn nú rétt við að nokkru leyti, þannig að ársaflinn 1973 varð 45 þúsund tonn. Hins vegar er 1974 árgangurinn lélegur og því mun afli minnka aftur, þar sem ýsuaflinn er mjög háður árgangasveiflum. Ýsuaflinn er enn verulega undir varanlegum hámarksafrakstri, sem er talinn vera um 70-75 þúsund tonn á ári. Þetta stafar að töluverðu leyti af of miklu smáýsudrápi, en smáýsan heldur sig einkum á landgrunninu sunnanlands og vestan innan 150 m jafndýpislínunnar. Með tilliti til núverandi ástands ýsustofnsins leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflahámark ýsu árið 1976 verði 38 þús. lestir.

Ufsi

Árabilið 1960-1973 var ufsaaflinn á Íslandsmiðum að meðaltali 80 þúsund tonn á ári. Lægstur var aflinn árið 1960 (48 þús. tonn), en hæstur árið 1971, 134 þús. tonn, en það er mesti ufsaafli, sem fengist hefur fyrr og síðar hér við land. Aukningu á ufsaafla undanfarinna ára má rekja til aukinnar sóknar í ufsa samfara vaxandi ufsagengd. Rannsóknir á ufsastofninum benda til þess, að hann sé nú fullnýttur, en hámarksafrakstur hans er talinn 100 þús. tonn á ári. Samkvæmt niðurstöðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins er þó ekki talið ráðlegt að veiða nema 75 þúsund tonn árið 1976. Á árunum 1971-73 var hlutdeild íslendinga í heildarufsaaflanum 50%.

Komið hefur í ljós, að ufsaárgangar nokkurra undanfarinna ára hafa verið lélegir. Smáufsaveiðar hafa verið bannaðar og ber að halda því.

Þess ber að geta, að ufsinn gengur oft landa á milli, þannig að áætlanir um hámarksafrakstur á hverju svæði eru erfiðleikum háðar.

Karfi

Á undanförnum árum hefur verið gengið of nærri karfastofninum og veiðin hefur í æ ríkari mæli verið borin uppi af smákarfa. Þessi smákarfaveiði stafar m.a. af því, að nú er að alast upp mikið af ungviði við Ísland og A-Grænland. Með því að draga úr veiði smákarfa mætti auka verulega nýtingu stofnsins.

Reglugerð, sem sett var um lágmarksstærð á karfa, sem landa má, hefur ekki komið að gagni sem friðunarráðstöfun þar sem ungviði og

vænn karfi eru víða á sama stað. Nú er undirmálskarfa hent í sjóinn í stað þess að hann var áður hirtur til lýsis- og mjölvinnslu.

Komið hefur í ljós að hlutdeild smákarfa í aflanum er mjög há á Hryggnum og nærliggjandi svæðum. Er hér um að ræða svæði, sem takmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirfarandi staða: $65^{\circ}25'N$ og $27^{\circ}00'V$, $65^{\circ}25'N$ og $26^{\circ}45'V$, $64^{\circ}40'N$ og $27^{\circ}00'V$, $64^{\circ}40'N$ og $27^{\circ}15'V$. Er því lagt til að svæði þessu verði lokað fyrir karfaveiði á tímabilinu 1. maí til 31. des.

Frekari stækkun möskva vegna karfaveiðinnar er talin valda ýmsum vandræðum, m.a. vegna ánetjunar stærri karfa, og myndi sennilega leiða til minnkandi sóknar í karfa en aukinnar sóknar í þorsk.

Tvær leiðir eru því taldar líklegar til að draga nokkuð úr smákarfa-drápi án þess þó að auka sóknarþunga í þorsk, en það er að mismuna karfa í verði eftir stærð og loka vissum svæðum um takmarkaðan tíma í senn.

Árin 1971-1973 hefur hlutur erlendra veiðiskipa verið 62-65% af heildarkarfaaflanum við Ísland, sem var um 76 þús. tonn á ári að meðaltali. Brotthvarf erlendra fiskiskipa af miðunum skapar því möguleika á auknum karfaveiðum íslenskra skipa án þess að um ofnýtingu stofnsins yrði að ræða.

Samkvæmt mati á aflaskýrslum hefur verið áætlað, að reikna mætti með a.m.k. 80 þús. tonna karfaafla á Íslandsmiðum á ári að jafnaði. Þessu marki hefur ekki verið náð s.l. 3 ár (1972-74) og hefur karfaaflinn 1973 og '74 verið tæp 70 þús. tonn.

Með tilliti til þessa er mælt með, að ekki verði tekin meira en 50 til 60 þús. tonn af karfa á árinu 1976.

Skarkoli

Skarkolastofninn virðist nú á góðri leið með að gefa af sér meðalhámarksafrakstur, en hann er talinn vera um 10 þúsund tonn á ári.

Stofnunin telur, að óheppilegt sé að dragnotatímabilið endi mánuði seinna við Norðurland en annars staðar. Meirihlutinn af kynþroska skarkola á þessu svæði er lagður af stað í hrygningargöngu um mánaðamótin október-nóvember og er því fyrst og fremst verið að veiða ókynþroska fisk í nóvember.

Grálúða

Árið 1973 var grálúðuafli Íslendinga kominn niður í 2.1 þúsund tonn, en var 7.3 þúsund tonn, þegar hann var mestur árið 1970. Síðari árin hefur meirihlutinn af grálúðuafla útlendinga verið fenginn vestur af landinu á milli 65°N og 66°N frá 50 sm mörkunum að miðlínu milli Íslands og Grænlands, á tímabilinu apríl-júní, þegar grálúðan er að koma frá hrygningu og er ekki búin að dreifa sér. Nauðsynlegt kann því að reynast að banna veiðar á þessu svæði á ofangreindu tímabili.

Á árunum 1970-1973 minnkaði heildargrálúðuaflinn á Íslandsmiðum úr 34.7 þúsund tonnum í 20.1 þúsund tonn og var minnkunin í okkar afla hlutfallslega meiri en í afla annarra þjóða.

Grálúðustofninn er nú talinn ofveiddur og með tilliti til þess, er lagt til að heildaraflinn árið 1976 fari ekki fram úr 15 þús. tonnum. Líklegt er talið, að taka mætti úr stofninum 20 þúsund tonn árlega, er hann hefur náð sér.

Steinbítur

Meðalaflfi steinbíts hefur verið 18 þúsund tonn á ári á árunum 1953-1972. Árin 1971-1973 reyndist meðalaflinn 13 þúsund tonn á ári.

Einustu friðunarákvæði varðandi steinbít eru þau, að bannað er að hirða fisk undir 40 cm að lengd. Miðað við ástand stofnsins, er ekki talin ástæða til frekari verndunar, hvorki lokun veiðisvæða né að ákveða hámarksafla. Þó telur stofnunin að nauðsynlegt sé að draga úr sókn í steinbít á hrygningartíma og fyrst á eftir (september til janúar), enda er hann lélegt hráefni á þessum tíma. Er hér bent á, að á s.l. hausti var greitt lægra verð fyrir steinbít veiddan á þessu tímabili og er eflaust gagn að slíkri óbeinni friðunaraðgerð.

Spærlingur

Spærlingsstofninn er ennþá lítið nýttur að því talið er. Veiðin hefur komist upp í 14 þúsund tonn á ári, en áætlað er að afkastageta stofnsins sé margfalt meiri.

Ekki er álitid nauðsynlegt að gera neinar breytingar á þeim skilyrðum, sem nú eru fyrir leyfum til spærlingsveiða.

3. Veiði uppsjávarfiska

Síld

Ástand íslensku síldarstofnanna var svo slæmt við árslok 1971, að setja varð algert veiðibann að undanteknum veiðum með reknetum. Bann þetta verður væntanlega í gildi til 15. september 1975, þannig að íslensku vor- og sumargotssíldarstofnarnir hafa þá fengið nær algera friðun í 3 1/2 ár.

Rannsóknir á stærð þessara síldarstofna gefa til kynna að sumargotssíldin hafi rétt verulega við á þessu tímabili, en ekki hefur enn orðið vart bata að því er varðar vorgotssíldina. Síldveiðar verður því um fyrirsjáanlega framtíð að stunda með ítrustu varkárni, eins og gert verður grein fyrir síðar í þessari skýrslu og er því lagt til að hámarksafli árið 1976 fari ekki fram úr 15000 tonnum skv. nánari stofnstærðarmælingum síðar á þessu ári.

Loðna

Á undanförnum árum hefur verið fylgst allnáið með göngum og hegðun hrygningarloðnunnar á tímabilinu janúar-apríl og tilraunir gerðar til þess að merkja hana áður en og um það bil, sem veiðar hefjast. Vegna þessara rannsókna má leiða að því allsterkar líkur að árlega hafi yfirleitt ekki verið veitt nema sem svarar 1/10 hluta hrygningarstofnsins, jafnvel á seinustu þremur vertíðum (1973-1975), þegar veiddust 440-460 þúsund tonn árlega. Margt bendir því til þess, að úr stofninum megi taka allmiklu meira, án þess að þess sjái merki í viðgangi stofnsins.

Síðan 1974 hefur verið gerð árleg könnun á magni og útbreiðslu loðnu-seiða og hlutfallsleg stærð árganganna 1970-1974 áætluð. Í ljós hefur komið, að loðnuklak hefur ekki mistekist þetta fimm ára tímabil; fyrstu tveir árgangarnir (1970 og 71) geta flokkast sem stórir og þrír þeir síðasttöldu (1972-74) sem mjög stórir. Þar sem loðnan verður ekki nema 3-4 ára gömul og aðeins tveir árgangar standa að hrygningunni, geta sveiflur í stofnstærð orðið mjög snöggar og miklar, ef klak mistekst, þó ekki sé nema einu sinni. Þó ætti að vera kleift að sjá fyrir og vara

við slíkum sveiflum í tæka tíð.

Rannsóknir og veiðitilraunir hafa ennfremur leitt í ljós:

- a. Að ókynþroska, auðveidd og mögur loðna hefur vetursetu á djúpmiðum austanlands á tímabilinu janúar-apríl.
- b. Að tveggja og þriggja ára loðna hefur ekki náð viðunandi fitumagni (10%) á ætissvæðinu norðanlands fyrr en í ágúst.
- c. Að unnt er að veiða mikið af 1 1/2 árs gamalli, magurri (5-6% feitri) loðnu norðanlands að sumarlagi.
- d. Að þessi 1 1/2 árs loðna nær tvöfaldar lengd sína og a.m.k. þrefaldar þyngdina til næsta árs.

Með tilliti til hins góða ásigkomulags loðnustofnsins er engin ástæða til að kveðið sé á um hámarksafla að svo stöddu.

4. Rækju-, humar- og skelfiskveiðar

Rækja

Rækjuveiðar hafa lengi verið háðar leyfum og ber að halda því. Flest mið eru innan gömlu 12 mílna fiskveiðilandhelginnar og þau, sem utan eru, einungis nýtt af íslenskum veiðiskipum.

Forgangsréttur heimamanna til veiða á eigin miðum hefur án efa haldið sókninni í skefjum, en stofnunin telur, að sóknin sé of mikil bæði við Ísafjarðardjúp og á Arnarfirði. Til þess að stemma stigu við veiði á smárækju væri heppilegra að ákveða vikuskammt fyrir hvern bát í stað þess að ákveða heildarvikuafla allra bátanna. Nauðsynlegt er þó að haldið verði áfram takmörkunum á heildarafla á hverju veiðisvæði fyrir sig.

Æskilegt er að taka upp notkun flokkunarvéla, eins og gert er þegar í Húnaflóa. Nauðsynlegt er, að ákveða meðallágmarksstærð landaðrar rækju fari ekki yfir 300 stk/kg. (Nú er meðallágmarksstærðin í Húnaflóa 300 stk/kg, í Ísafjarðardjúpi 340 stk/kg - var 350 stk/kg - og er svo enn í Arnarfirði).

Hafrannsóknastofnunin þarf að geta friðað svæði vegna smárækju eða smáfisks, eins og verið hefur, sem og stöðvað veiðar, er æskilegum heildarafla er náð.

Hafrannsóknastofnunin tekur undir þær tillögur smábátaeigendafélagsins Hugins að bátur verði til eftirlits og aðstoðar veiðiskipum í Ísafjarðardjúpi. Væri hugsanlegt að láta starfsemi slíks báts einnig ná til Arnarfjarðar og Húnaflóa.

Humar

Hámarksafli sá, sem settur var á humarveiðina árið 1973 hefur gefið góða raun og er stofninn nú í vexti, þótt vertíðin í ár hafi gengið verr en efni stóðu til vegna slæms tíðarfars. Reiknað er með að auka megi aflahámark á næstu árum, svo að taka megi allt að 3600 tonn af humri, þegar stofninn hefur náð sér. Þó verður að halda áfram með þau ákvæði, sem í gildi eru um humarveiðar svo sem hámarksafla, lágmarksstærð humars, möskvastærð o.fl. Þá þykir sýnt að takmarka þurfi bátafjölda.

Hörpudiskur

Til hagkvæmrar nýtingar á hörpudiskstofninum þarf að beina veiðiskipunum á fleiri veiðisvæði en gert hefur verið að undanfögnu. Stofnunin mælti með 5 þúsund tonna hámarksafla á Breiðafirði en þetta aflamagn hefur ekki náðst sökum lítillar sóknar.

Nauðsynlegt er að halda gildandi ákvæðum um lágmarksstærð, sem landa má. Þó kæmi til greina að lækka þessi mörk á svæðum þar sem hörpudiskur er frekar smár, en í miklu magni. Mætti með þessu fá fram æskilega grisjun stofnsins til aukins vaxtar.

Talið er að veiðisvæði á Vestfjörðum og Húnaflóa standi aðeins undir nokkur hundruð tonnum á ári, enda hafa þessi svæði látið talsvert á sjá frá því veiðar hófust þar.

5. Tillögur

- a. Togveiðar skulu óheimilar innan 12 sm frá grunnlínupunktum á svæðinu frá Látrabjargi norður fyrir land að Papey, að Kolbeinsey meðtalinni. Frá Papey vestur um að Látrabjargi skal togveiði hvergi leyfð nær landi en 4 sm frá grunnlínupunktum. Stofnunin gerir ekki tillögur um skiptingu veiðisvæða milli mismunandi skipahópa.
- b. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að oft er þörf skjótra aðgerða til að stemma stigu við skaðlegum veiðum á Íslandsmiðum. Þar af leiðandi telur Hafrannsóknastofnunin nauðsynlegt, að henni verði veitt heimild til að stöðva veiðar á ákveðnum svæðum fyrirvaralaust í allt að 10 daga, enda fari strax fram nákvæm rannsókn á viðkomandi svæði, sem ákvarðanir stjórnvalda um frekari aðgerðir geti byggst á. Stofnunin telur, að þetta sé raunhæfasta og öruggasta leiðin til þess að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á viðkvæmum svæðum án þess að hindra aðrar veiðar umfram það sem nauðsyn krefur. Til þess að slíkar ráðstafanir komi að gagni þarf öflugt og stöðugt eftirlit á veiðisvæðinu, einkum þar sem hætta er á smáfiskdrápi sbr. þorskkaflann. Hafrannsóknastofnunin telur, að nauðsynlegt sé að hún fái sérstakt skip til þessara verkefna.
- c. Vegna alvarlegs ástands ýmissa íslenskra fiskstofna og annarra dýrategunda er nauðsynlegt að ákvarða hámarksafla einstakra tegunda til þess að stuðla að sem bestri nýtingu viðkomandi stofna.
- d. Hafrannsóknastofnunin hefur látið vinna úr öllum þeim gögnum, sem hún á um hrygningu þorsksins við Suðvesturland s.l. 20 ár. Í ljós kom að aðalhrygningarsvæðið á Selvogsbanka liggur á svæði, sem takmarkast af eftirfarandi línum: 63°15'N að sunnan, 63°32'N að norðan, 21°30'V að vestan og 20°40'V að austan. Er því lagt til, að svæði þessu verði lokað fyrir öllum veiðum tímabilið 1. apríl til 15. maí í stað núverandi svæðis.

- e. Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lágmarksstærð fisks, sem leyfilegt er að hirða:

þorskur	50 cm	(í stað 43 cm nú)
ýsa	45 "	(" " 40 " ")
ufsi	50 "	(" " 45 " ")
síld	27 "	(" " 25 " ")
loðna	12 "	(" " engin stærðarmörk)

- f. Koma má í veg fyrir töluverðar smáfiskveiðar með því að lögbinda stærri möskva við þorskveiðar eða á svæðum þar sem þorskur er meginuppistaða aflans. Sáralítið af þorski yfir 45 cm sleppur í gegnum 135 mm möskva í poka.

Eina verulega vandamálið samfara frekari stækkun möskvans er í sambandi við karfaveiðarnar, eins og gerð var grein fyrir í 2. kafla. Stofnunin leggur því til að fyrir Norður- og Austurlandi, þar sem karfaveiðar eru hverfandi, verði möskvi í botnvörpu, flotvörpu og dragnót stækkaður verulega. Möskvastærð verði ákvæðin með hliðsjón af lágmarksstærð fisktegundar sem landa má og samkvæmt tilraunum, sem fram fara fyrir lok þessa árs. Svæði þetta nái frá Kögri að vestan og austur um til suðurs að Berufjarðarál. Þá verði öllum togbátum, sem ekki stunda karfaveiðar (þ.e. minni togbáatar, sem fiska á grunnslóðum, sunnanlands og vestan) gert að nota þá möskvastærð, sem ákvæðin verður við Norður- og Austurland.

Sérstök ástæða er til að benda á gildandi reglur um klæðningu poka og þýðingu eftirlits með þeim. Lagt er til, að skuttogaraflotinn taki upp svokallaða pólska klæðningu, þar sem möskvastærð efra byrðis er tvöföld á við það, sem er í pokanum.

- g. Síldveiðar í nót verði háðar leyfum og leyfisveitingum þannig háttað, að einungis fáum skipum verði veitt veiðileyfi samtímis, þar eð slíkt myndi auðvelda eftirlit og draga úr hættu á smásíldardrápi í stórum stíl.


Síldveiðar í flotvörpu verði bannaðar og veiðar verði einungis heimilaðar á þeim árstíma, sem sumargotssíldin gefur mestar og bestar afurðir, þ.e. frá 15. september til 15. desember. Ennfremur verði heimilt að banna togveiðar á hrygningarsvæðum íslensku síldarstofnanna.

- h. Til þess að stuðla að sem bestri nýtingu loðnustofnsins er lagt til að allar loðnuveiðar verði bannaðar á tímabilinu 15. maí til 1. ágúst. Á tímabilinu 1. mars til 15. maí verði allar loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá Hornbjargi að Eystra-Horni utan gömlu 12 sjómílna landhelgislíunnar. Flotvörpuveiðar á loðnu verði háðar leyfum.
- i. Stofnunin telur æskilegt að draga talsvert úr sókn með þorskanetum á vetrarvertíð. Talið er, að slík sóknarrénun myndi ekki leiða til minnkandi vertíðarafla, en myndi koma í veg fyrir óþarfa kostnað. Stofnunin treystir sér þó ekki til að leggja fram ákveðnar tillögur í þessu efni, en bendir á nauðsyn þess, að raunhæft eftirlit verði haft með þessum veiðum.
- j. Stofnunin telur að beita megi verðmunun á fiski eftir stærð, frekar en nú er gert, til að draga úr smáfiskaveiði. Er sérstaklega bent á karfa í þessu sambandi.

6. Lokaorð

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fram hafa komið í 5. kafla og víðar í þessari skýrslu, byggjast fyrst og fremst á því, að raunhæfu og fljótvirku eftirliti með veiðunum verði komið á fót. Ef svo verður ekki, er ljóst, að nauðsynlegt er að loka öllum þeim veiðisvæðum, sem talin hafa verið viðkvæmari en önnur og nefnd hafa verið hér að framan. Ennfremur er ljóst, að hámarksafkastagetu einstakra stofna verður ekki náð nema heimilt verði að setja aflatakmarkanir á viðkomandi tegund. Stofnunin telur, að íslenski fiskiskipastóllinn einn sé nú meira en nógu stór til að tryggja varanlega hámarksnýtingu miðanna í framtíðinni. Af því leiðir, að nýting stofnanna verður ekki hagkvæm fyrr en erlend veiðiskip hverfa af Íslandsmiðum.

Reykjavík 13. október 1975.



Jón Jónsson

